

Nd.

443. Tillaga

til þingsályktunar um einkasölu ríkisins á steinolíu.

Flutningsm.: Ásgeir Ásgeirsson, Sveinn Ólafsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hætta ekki einkasölu ríkisins á steinolíu án samþykkis Alþingis.

Greinargerð.

Þinginu hafa borist fjölmargar áskoranir frá þingmálafundum um alt land um, að einkasölu á steinolíu verði haldið áfram, og vilja flutningsmenn með tillögunni tryggja það, að einkasalan verði ekki feld niður, nema til komi ályktun Alþingis, enda var tilætlun þingsins 1917, sem einkasöluheimildina samþykki, sú, að Alþingi sjálft skyldi skera úr um þetta atriði.